

# Bjarg

**Starfsáætlun veturinn 2021-2022**



**Leikskólinn Klappir**

**Akureyri**

# Starfsáætlun Bjarg

skólaárið 2021-2022

## Kennarar á deildinni eru:

Ingibjörg Puríður	Deildarstjóri
Brynja	Kennari
Rebekka Rut	Kennari
Halla Bryndís	Leikskólaliði
Tara Lind	Leiðbeinandi

Sérkennsla á sér stað bæði inni á deild í litlum hópum en einnig í daglegu starfi. Sérkennarar sinna auk þess einstaklingskennslu í svokölluðum vinnustundum.

## Sérkennararnir eru:

Gunnlaug	Sérkennslustjóri
Katý	Sérkennari
Kristjana	Kennari/Sérkennari
Helga Ósk	Sérkennari

## Áherslur í starfi

Á Bjargi er unnið út frá áherslum Klappa og námssviðum Aðalnámskrár leikskóla. Við höfum til hliðsjónar Skólastefnu Akureyrarbæjar og lög um leikskóla. Í Klöppum verður unnið út frá kenningum Lev Vygotsky og John Dewey þar sem áhersla er á nám í gegnum leik, læsi og stærðfræði í daglegu starfi. Við fléttum inn í starfið námsefnið Lubbi finnur málbein, MIO, Stig af stigi, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, umhverfismennt og uppbyggingu sjálfsmyndar. Klappir er SMT skóli þar sem Starfsfólkið setur metnað sinn í að stuðla að góðu námsumhverfi, auka félagsfærni og ýta undir æskilega hegðun. Leikskólinn Klappir stefnir að því að verða Heilsueflandi leikskóli, Skóli á grænni grein og Réttindaskóli Unicef. Starfið í Klöppum verður því í stöðugri þróun næstu árin.

Okkur finnst mikilvægt að dagarnir séu fyrirfram rammaðir inn þannig að börnin, foreldrarnir og starfsmenn viti hvað er fyrirhugað á hverjum degi. Því gerum við dagskipulag og dagatöl sem finna má á heimasíðu leikskólans undir deildinni Bjarg.

Við ætlum að efla alhliða þroska barnanna með gleði, sanngirni og vinnusemi.

### Dagskipulag Bjargar veturinn 2021-2022

Tími	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
08:00 - 09:00	Flæðandi morgunmatur	Flæðandi morgunmatur	Flæðandi morgunmatur	Flæðandi morgunmatur	Flæðandi morgunmatur
09:00 - 09:30	Hópastarf	Hreyfing/Myndlist	Hópastarf	Hreyfing/Myndlist	Valstöðvar/Flæði
09:30 - 10:00	Hópastarf	Hreyfing/Myndlist	Hópastarf	Hreyfing/Myndlist	Valstöðvar/Flæði
10:00 - 10:30	Útivera	Útivera	Útivera	Útivera	Útivera
10:30 - 11:00	Útivera	Útivera	Útivera	Útivera	Útivera
11:00 - 11:30	Bleyjur/Samvera	Bleyjur/Samvera	Bleyjur/Samvera	Bleyjur/Samvera	Bleyjur/Samvera
11:30 - 12:00	<b>Matur</b>	<b>Matur</b>	<b>Matur</b>	<b>Matur</b> Ingibjörg	<b>Matur</b> Brynja
12:00 - 12:30	Hvíldartími	Hvíldartími	Hvíldartími	Hvíldartími	Hvíldartími
12:30 - 14:00	Hvíldartími	Hvíldartími	Hvíldartími	Hvíldartími	Hvíldartími
14:00 - 14:30	Bleyjur 14:15: Samvera	Bleyjur 14:15: Samvera	Bleyjur 14:15: Samvera	Bleyjur 14:15: Samvera	Bleyjur 14:15: Samvera
14:30 - 15:00	<b>Kaffitími</b>	<b>Kaffitími</b>	<b>Kaffitími</b>	<b>Kaffitími</b>	<b>Kaffitími</b>
15:00 - 15:30	Flæði/Val	Flæði/Val	Flæði/Val	Flæði/Val	Flæði/Val
15:30 - 16:00	Flæði/Val	Flæði/Val	Flæði/Val	Flæði/Val	Flæði/Val

## Hópastarf

Alla daga er einblínt á að börnin séu sett í minni hóp og unnin ýmis verkefni tengd þeim og áherslum deildarinnar (sjá neðar).

Á miðvikudögum verður unnið í markvissri hópavinnu með hópstjóranum sínum:

- Í hópstarfinu er börnunum skipt upp í hópa og markmiðið er að fá næði og tækifæri til að kynnast börnunum og finna leiðir til að efla þroska hvers og eins. Viðfangsefni eru fjölbreytt og notuð til að nálgast alla þroskaþættina allt frá félagsþroska til sköpunar.

### Markmið

Fastir liðir	Áherslur	
Heilsumst og syngjum vinalagið	Unnin ýmis verkefni tengd áherslum deildarinnar	Aðstoða börn að mynda tengsl við jafningja og læra að leika í hóp
Endum hópastarf á upprifjun og þökkum fyrir	Hópstjóri fylgdist með þroska og getu hvers barns og vinnur með hópáætlun.	Unnið að því að stuðla að samheldni og ábyrgðarkennd barnanna
		Unnið markvisst að kennslu um vináttu í gegnum leik

## Þemaverkefni Bjargar eru eftirtalandi:

*Ég sjálfur og líkaminn minn. Árstíðir og íslensku húsdýrin*

### Ég sjálfur og líkaminn minn

Unnið er með þemað ég sjálfur yfir allt skólaárið og við útfærum það inn í starf deildarinnar. Við ræðum meðal annars um líkamsparta og notum tónlist og syngjum lög sem tengjast þemanu. Við lesum sögur og ræðum um tilfinningar og svipbrigði.

#### Markmið

Ég sjálfur	Líkaminn minn
Kennt verður að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum	Kennsla í formi söngva þar sem börnin læra um líkamann.
Styrkja sjálfsmynd barnsins, upplifa öryggi og læra að leysa mál sín á friðsamlegan hátt	Umræða um tilfinningar og svipbrigði.
Kennsla á vináttu og virðingu fyrir öðrum	Gerð verða verkefni tengd líkamanum og unnið með teikningar og sjálfsmyndir.

### Árstíðir

Unnið verður með þemað árstíðirnar jafnt og þétt yfir árið. Farið verður yfir árstíðirnar og unnin skemmtileg listaverk ásamt tilraunum sem tengjast árstíðinni hverju sinni.

#### Markmið

Haustið	Veturinn	Vorið	Sumarið
Listsköpun með haustlitunum	Listsköpun með vetrarlitunum	Sáum fræjum	Auknar vettvangsferðir
Leikið sér með laufblöð og köngla og farið í skynjunarleik	Vísindatilraunir með snjó	Kynnumst litum sem tengjast vorinu	Sköpunarverkefni

## Húsdýrin

Í vetur viljum við einblína á íslensku húsdýrin og kynna börnunum fyrir þeim. Kennslan mun að mestu fara fram í gegnum frjálsan leik en einnig í formi söngva, leikja, spila og listaverkja, svo eitthvað sé nefnt.

### Markmið

<b>Áherslur</b>	Dýrin verða sýnileg í frjálsum leik	Sungin lög tengd dýrum	Kynnumst dýrunum á fjölbreyttan hátt t.d. í púsli, Bingóleikjum o.fl.	Skemmtileg verkefni sett upp eftir áramótin þar sem dýrin verða sýnileg	Kennsla á litum verða fléttuð inn. T.d. hvernig eru dýrin á litin
-----------------	-------------------------------------	------------------------	---	---	---

## Áherslur deildarinnar

### Stærðfræði og vísindi

Börnin kynnast stærðfræðilegum hugtökum eins og tölum og stærðum með aðstoð laga, umræðu og bóka. Börnin læra að telja, skoða fjölda, lögun og stærð hluta.

- Notast er við MIO stærðfræði skimun en markmið með skimun er að finna þau börn sem þurfa aðstoð. Börnin eru skoðuð þegar þau eru 2 ½ árs.
- Börnin fá að kynnast vísindi á margvíslegan hátt. Bæði verður unnið við að kynnast ólíkum efnivið og tilfinninguna með fingrum og tásam,
- Börnin kynnast eðli ýmissa krafta og birtingarmyndum þeirra í umhverfinu. Í vetur verður sett upp sérstök vísindavika þar sem unnið er sérstaklega með þetta þema.

### Markmið

Stærðfræði		Vísindi	
Kennsla á hugtökum sem tengjast stærðum	Púsl, kubbar, einingakubbar og opin efniviður aðgengilegur börnunum	Þjóða upp á ólíkan efnivið í leik og starfi	Unnið með skilningarvitin fimm (tengist þemanu um líkamann)
Kennsla á tákni, mynstur og form	Form og tölur sýnilegt fyrir börnin í daglegu umhverfi		Unnið með einfaldar tilraunir, t.d. sull, snjó og málningu, eldgos
Vinna með tölustafi og talnaskilning. Áhersla lögð á 1-10			

## Hreyfing/útvist

Eins og sjá má á dagskipulagi er daglega boðið upp á útiveru. Mikilvægt er fyrir börnin að fá daglega útiveru.

- Í útiveru jafnt sem skipulögðum hreyfistundum hvetjum við til hreyfingar, við hoppum, hlaupum, klífrum, skríðum og erum í frjálsum leik.

### Markmið

Hreyfing	Dagleg útivera	Reglulegar vettvangsferðir	Skipulagðar hreyfistundir	Dans
----------	----------------	----------------------------	---------------------------	------

## Skapandi umhverfi og læsi

Við viljum að nemendur njóti þess að taka þátt í skapandi ferli og gætum þess að sýna sköpunarferli þeirra og verkum áhuga. Við veitum tækifæri til sköpunar og tjáningar með fjölbreyttu umhverfi. Við spyrjum hvetjandi spurninga, erum dugleg að hrósa og höfum verkin sýnileg. Á þriðjudögum og fimmtudögum verður myndlist þar sem börnin fá markvisst tækifæri til að efla listsköpun. Daglega bjóðum við upp á samverustundir þar sem skilningur, tjáning og hlustun, hljóðkerfisvitund og sögustundir verða unnar með til að styrkja læsi.

### Markmið

Sköpun	Skilningur, tjáning og hlustun	Hljóðkerfisvitund	Læsi
Sköpunarvinna þar sem börn fá ýmsan efnivið til að kynna	Bækur aðgengilegar, lesnar og börnin fá að taka þátt í umræðu	Klappa samstöfur í nöfnum og hlutum	Lesi og syngja með börnunum daglega. Notast við fjölbreytt efni
Myndlistaverkefni tengd þemum og markmiðum skólans	Efling orðaforða. Sérstaklega unnið að mat, fötum, dýrum, veðri, líkama, tilfinningu og fjölskyldu	Unnið með dýrahljóð (Þema)	Mynrænt dagskipulag sýnilegt börnunum



Notast verður við endurnýtanlegan og náttúrulegan efnivið	Æfa spurningar og svör. Hvað heitir þú? Hvað ertu gömul/gamall?	Athyglis og minnisleikir	Unnið í samveru með Lubba,
Árstíðarbundin verkefni unnin á umhverfisvænan hátt (Þema)		Unnið með stafina og hljóðin þeirra með Lubba	Unnið með spil og myndir

### Lubbi finnur málbein

Í leikskólanum Klappir er stuðst við námsefnið Lubbi finnur málbein. Námsefnið ýtir undir hljóðnám, hljóðavitund og stafabekkingu ásamt fleiri undirstöðupáttum fyrir lestrarnám. Á Bjargi munum við nýta þetta námsefni í formi söngva og vinna með honum Lubba í samverustundum.

### Umhverfismennt

- Á Bjargi er lögð áhersla á að börn gangi vel um og læri að meta og þekkja umhverfið sitt. Unnið er markvisst með umhverfismennt með börnunum þar sem þau læra um umhverfið í kringum sig, veðurfar, plöntur og dýralíf í ævintýraferðum. Auk þess er farið í að endurvinna og endurnýta ýmsan efnivið í sköpun og leik.

### Markmið

Áherslur	Verkefni	Vettvangsferðir
Að börn læri að bera virðingu fyrir náttúrunni og fjölbreytileika hennar	Umhverfisverndarvika er lögð sérstök áhersla á umhverfið, lífríkið, verndun þess og mikilvægi flokkunar	Náttúran, árstíðir og lífríkið skoðað
Að börn læri um náttúruna, umhverfið og verndun þess	Flokkum, endurvinnum inn á deild daglega	Sérstök vettvangsferð farin þar sem týnt er rusl í umhverfinu

Að börn læri að njóta náttúrunnar og komast í tengsl við hana	Að vori fá börnin að kynnst sáningu fræja, og fá að sá og hugsa um eigin plöntu	Ýtt undir forvitni og vantaveltur nemenda á umhverfi sínu
---	---	---

## SMT

Við vinnum með SMT agakerfi. Við temjum okkur þá orðræðu sem þar er viðurkennd og erum með markvissa kennslu á reglum í hópstarfinu.

- Við leggjum áherslu á að kenna börnunum “réttu” leiðina í samskiptum.
- Við gefum skýr fyrirmæli, erum vingjarnleg, nákvæm og notum fá orð.
- Við kennum reglur með virkum hætti, sýnum og æfum reglurnar með börnunum.
- Við höfum reglurnar sýnilegar með því að hafa leiðbeinandi myndir á veggjum.
- Við minnum á reglurnar án þess að vera með óþarfar endurtekningar eða tuð.
- Við notum félagslega hvatningu, - bros, þumall, fimmu, knús ofl.
- Við hrósum nákvæmt.
- Við notum jákvæða styrkingu, gefum bros eða önnur tákni til að styrkja og auka tíðni jákvæðrar hegðunar (setjum orð á hegðunina).

Við vinnum að lausnaleyti:

- Hvað er hægt að gera?
- Hver er kosturinn við leiðina sem við veljum?
- Hver er gallinn við þá leið?

Við höfum eftirlit, við fylgjumst með börnunum til að tryggja öryggi þeirra og leitumst við að grípa tækifærin til að leiðrétta neikvæða og styrkja jákvæða hegðun.

Við setjum mörk með mildum og sanngjörnum leiðum og notum SMT verkfæri til að leiðrétta óæskilega hegðun.

Við sýnum tilfinningastjórn. Við erum fyrirmyndir barnanna í öllu sem við segjum og gerum!